

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps,
Hraunhólar, íbúðar- og landbúnaðarsvæði.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. september 2015 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem samþykkt var í sveitarstjórn 6. maí 2015.

Í breytingunni felst að blandað íbúðar- og landbúnaðarsvæði er stækkað um 10 ha til austurs. Á svæðinu er aðeins heimilt að reisa 3 einbýlishús.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. september 2015.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.